



# Skaftárhreppur

## Yfirlitsræða sveitarstjóra

með fjárhagsáætlun 2024



## I. Inngangur:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 var lögð fram til fyrri umræðu 30. nóvember 2023 og er til endanlegrar afgreiðslu við síðari umræðu 14. desember 2023. Þriggja ára áætlun var lögð til fyrri umræðu á sama fundi sveitarstjórnar og var henni vísað til síðari umræðu og afgreiðslu í sveitarstjórn á sama tíma.

### Nokkrar lykiltölur og forsendur fyrir árið 2024 .

- Rekstur fyrir fjármagnsliði 2024 er jákvæður um 124,3. mkr. Útkomuspá fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir 93,6. m.kr. Rekstur fyrir fjármagnsliði var um 300 þús.kr. árið 2022.
- Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 38 milljónir 2024. Útkomuspá fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir um 44,6. m.kr., en fjármagnsliðir voru um 31,9. mkr. 2022.
- Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 86 milljónir árið 2024 en var neikvæð um 32. m.kr. 2022. Útkomuspá fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir um 49. mkr. afgangi af rekstri Skaftárhrepps.
- Veltufé frá rekstri er áætlað um 159. m.kr. 2024. Var um 26. m.kr. 2022. Útkomuspá fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir 123,3. mkr. veltufé frá rekstri.
- Gert er ráð fyrir 7,2% meðal-verðbólgu á árinu 2024, samkvæmt spám.

Reikna má með að óróleiki á vinnumarkaði og gerð kjarasamninga á vettvangi hins opinbera, geti haft áhrif á fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Þó hafa lífskjarasamningar sem gerðir voru, lagt ákveðnar línur. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 5,9 % hækkun launavísitölu á ársgrundvelli, samkvæmt spá. Launakostnaður 2022 var um 511. m.kr., útkomuspá 2023 gerir ráð fyrir um 475 m.kr sem er lækkun, en fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir um 476 m.kr. launakostnaði.

Þrátt fyrir framkvæmdir í okkar samfélagi á undanförunum misserum, þá hefur góður árangur náðst í rekstri Skaftárhrepps og allar kennitölur sýna að hann er í góðu jafnvægi. Miklu máli skiptir að halda áfram á sömu braut og áfram verður gerð sú krafa til forstöðumanna að gæta aðhalds í öllum rekstri og verða innkaupa og sérfræðipjónustukaup sveitarfélagsins skoðuð sérstaklega á nýju ári. Með nýjum fjármálastjóra verður tekið upp aukið eftirlit með rekstri málaflokka og deilda, og tekin staða mánaðarlega og síðan ársfjórðungslega, og borin saman rekstur deilda við fjárhagsáætlun.

## II. Íbúapróun:

Íbúapróun hefur verið nokkuð stöðug ef litið er til síðustu ára.


Íbúum hefur fjölgað um 20 frá 1. janúar 2023 og voru 701 íbúar í byrjun desember 2023.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Mism. á 10 árum	
<b>Skaftárhreppur</b>	452	460	470	475	560	583	627	624	641	680	<b>228</b>	<b>50,4%</b>
<b>Mýrdalshreppur</b>	489	480	525	562	633	695	719	758	814	877	<b>388</b>	<b>79,3%</b>
<b>Hornafjörður</b>	2.167	2.150	2.171	2.187	2.306	2.389	2.434	2.387	2.450	2.547	<b>380</b>	<b>17,5%</b>

**Samtals:** 3.108 3.090 3.166 3.224 3.499 3.667 3.780 3.769 3.905 4.104 996 32,0%

Íbúatala 1. janúar ár hvert

Hér að neðan má sjá íbúapróunina í Skaftárhreppi og Mýrdalshreppi. Íbúum hefur fjölgað hjá báðum sveitarfélögum. Íbúum sveitarfélaganna hefur fjölgað um 616 á síðustu 10 árum eða um 65,5%.



Íbúar Skaftárhrepps voru 680 samkvæmt tölum frá Þjóðskrá þann 1. janúar 2023. Íbúatala þann 1. desember 2023 var 701. Árið 2010 voru íbúar Skaftárhrepps um 48,95% af íbúum V-Skaftafellssýslu. Hlutfall íbúa Skaftárhrepps í desember 2023 er 44,42% af íbúum V-Skaftafellssýslu.

### III. Skatttekjur, Jöfnunarsjóður og aðrar tekjur:

#### Skatttekjur:

2021	2022	2023	2024
Rauntölur	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
617.165	774.476	757.030	831.455

Skatttekjur Skaftárhrepps aukast á milli ára 2022 og 2024 um 57 m.kr. eða um 7,4%. Tekjuaukning milli ára 2021 og 2024 er um 214 mkr. eða 34,7% hækkun á því tímabili.

#### Nánari sundurliðun skatttekna:

##### Útsvar:

Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2024 verði hámarksútsvar, þ.e. 14,74% af útsvarsstofni. Stuðst var við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga við áætlun útsvars auk áhrifa af kjarasamningsbundnum hækkunum sem reiknaðar voru til hækkunnar. Áætlaðar tekjur vegna útsvars verði 442 milljónir króna en áætlun Sambandsins gerir ráð fyrir talsvert hærri upphæðum á staðgreiðslu. Útsvarshækkun á milli ára 2023 og 2024 samsvarar þá 23,4% hækkun.

##### Fasteignaskattur:

A-flokkur - af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 0,55%

B-flokkur - af fasteignamati bygginga í opinberri eigu 1,32%

C-flokkur – af fasteignamati annarra eigna 1,65%

##### **Fasteignaskattur 2024 er áætlaður um 150 milljónir króna.**

Holræsagjald fyrir eignir í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna er 0,25% af fasteignamati allra húsa og lóða.

Gjalddagar fasteignagjalda 2024 verða 8.

Fasteignagjöld hækka um 6% á milli ára, þrátt fyrir lækkun á skattprósentu í A flokki, hefði hækkunin orðið um 12% við óbreytta prósentu. En helsta ástæða þess að er að fasteignum í álagningastofni hefur fjölgað, talsvert vegna skráningar, byggingafulltrúa á löngu byggðum fasteignum.

Sorpeyðingargjöld verða allt frá kr. 100.000 kr/íbúð. Til íbúða teljast heimili í dreifbýli, íbúðir á Kirkjubæjarklaustri og lögbýli þar sem stundaður er búrekstur í atvinnuskyni.

Sorpeyðingargjöld á frístundahús, sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli verða kr. 32.000.

Sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki og atvinnurekstur á lögbýlum annar en búrekstur í atvinnuskyni, verða allt frá 120.000 kr.

Allir einstaklingar, sem greiða sorpgjald eða sorpeyðingargjald (sem sagt ekki fyrirtæki), fá árlega rafrænt klippikort sem inniheldur losun á 4 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi og gildir út árið. Til að komast inn á móttökustöðvar þurfa notendur að sýna klippikort. Einungis er klippt fyrir gjaldskyldan úrgang en ekki þegar tekið er á móti ógjaldskyldum úrgangi. Tilgangur klippikortsins er að flokkun verði markvissari og að kostnaður verði greiddur af þeim sem stofna til hans. Kortið veitir aðgang að svæðinu og því er nauðsynlegt að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á gámasvæðið hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan úrgang er að ræða. Hvert klipp er upp á 0,25 m<sup>3</sup> sem samsvarar 240 lítra heimilistunnu.

### **Jöfnunarsjóður:**

Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð á milli ára og er gert ráð fyrir 256.673.000 kr. framlagi frá Jöfnunarsjóði á árinu 2024. Framlög Jöfnunarsjóðs nema um 22,7% af tekjum samstæðunnar.

### **Gjaldskrár:**

Í fjárhagsáætlunargerð 2024 var reynt að stilla gjaldskrárbreytingum í hóf.

- Álagningarprósenta íbúðarhúsnæðis er lækkuð úr 0,625% í 0,55%, holræsagjald er óbreytt 0,25% Álagning á C-flokk er óbreytt 1,65%.
- Gjaldskrá byggingarleyfa og skipulagsmála, gatnagerðargjöld og gjaldskrá slökkviliðs taka breytingum miðað við vísitölu neysluverðs.
- Gjaldskrá um skólamötuneyti, gjaldskrá leikskóla, gjaldskrá tónlistarskóla, gjaldskrá um gæludýrahald og leiga á félagsheimili eru óbreyttar á milli ára.
- Gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús er að mestu óbreytt frá fyrra ári.
- Húsaleiga eldri leigusamninga fylgir vísitölu og breytist 1. janúar og 1. júlí. Nýjir leigusamningar eru með fasta leigu sem nemur 5,5% af fasteignamati.

### **Lántökur og afborganir lána:**

Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 50 m.kr. Afborganir langtímalána verði um 30 m.kr. Stefnt er að því að handbært fé verði um 101 m.kr. í árslok 2024. Langtímaskuldir munu hækka um 37 m.kr. á árinu.

### **Veltufé frá rekstri og skuldbindingar:**

Veltufé frá rekstri A og B hluta er áætlað um 159 m.kr. en var um 123 milljónir á árinu 2023 að teknu tilliti til útkomuspár fjárhagsáætlunar þess árs. Reiknað er með að langtímaskuldir samstæðunnar verði um 453 m.kr. í árslok 2024, en voru 363 m. kr. í árslok 2022. Skammtímaskuldir eru áætlaðar 153 milljónir en þær voru 137 milljónir í árslok 2022. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingin hækki um 2 milljónir á milli árunna 2023 og 2024.

### **Fjárfestingar:**

Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 135 m.kr. á árinu 2024. Annað árið í röð þá eru framkvæmdir við Kirkjubæjarskóla, m.a. lagfæring að innan, frágangur að utan og á lóð, stærstu einstöku fjárfestingar sveitarfélagsins. Hér að neðan má sjá lista yfir helstu fjárfestingar sveitarfélagsins.

#### Helstu framkvæmdir á árinu 2024

Eignarsjóður	
Nafn deildar:	Áætlun 2024:
Kirkjubæjarskóli	51.000.000
Leikskólinn Kæríbær	10.800.000
Íþróttahús	3.000.000
Sundlaug	8.000.000
Sparkvöllur	1.000.000
Herjólfstaðir	1.500.000
Kirkjuhvoll	9.000.000
Dvalarheimili*	8.000.000
Bókasafn	1.500.000
Gatnakerfi	13.000.000

Íbúðir aldraðra:	
Nafn deildar:	Áætlun 2024:
Klausturhólavegur 1 og 3	4.000.000

Leiguíbúðir:	
Nafn deildar:	Áætlun 2024:
Rekstur leiguhúsnæðis	22.500.000

Fráveita	
Nafn deildar:	Áætlun 2024:
Rekstur fráveitu	10.000.000

Félagslegar íbúðir	
Nafn deildar:	Áætlun 2024:
Félagslegar íbúðir	2.000.000


\* Framkvæmdir við dvalarheimilið verða samtals um 22 milljónir, þar sem fyrirliggur styrkur að upphæð um 14 milljónir sem eru færðar inn á móti kostnaði sem ekki er gjaldfærður.

#### IV. Samantekt á rekstri málaflokka:


	2019 Rauntölur	2020 Rauntölur	2021 Rauntölur	2022 Rauntölur	2023 Útkomuspá	2024 Áætlun
02 Félagsþjónusta	26.605	31.370	36.206	33.052	42.728	39.866
03 Heilbrigðismál	817	1.016	935	758	894	979
04 Fræðslu- og uppeldismál	243.492	278.590	331.245	376.250	349.737	361.608
05 Menningarmál	20.827	17.864	18.961	18.484	26.225	33.651
06 Æskulýðs- og íþróttamál	88.909	82.885	88.182	97.946	94.952	111.188
07 Brunavarnir og alm. Varnir	15.269	19.444	21.715	23.243	30.031	38.640
08 Hreinlætismál	20.652	9.884	15.806	12.529	19.391	3.340
09 Skipulags- og bygg.mál	32.020	31.573	41.609	24.548	25.485	27.038
10 Umferðar- og samg.mál	6.840	10.728	7.328	11.111	7.312	10.078
11 Umhverfismál	3.664	3.880	2.938	2.377	2.916	4.311
13 Atvinnumál	40.732	12.796	5.208	30.268	31.381	32.283
21 Sameiginl. kostn.	67.456	84.845	85.555	105.372	85.534	102.217

Upphæðir í þúsundum kr.

#### Þróun útgjalda á málaflokkum á árunum 2019-2024



## Hlutfall af skatttekjum hvert ár






## Rekstrarleg afkoma

Skaftárhreppur samanburður frá 2020 til 2024

	2020	% af tekjum	2021	% af tekjum	2022	% af tekjum	2023*	% af tekjum	2024**	% af tekjum
<b>Tekjur samtals:</b>	678.911		815.109		960.759		1.010.902		1.130.241	
Laun og launatengd gjöld:	365.441	53,8%	425.158	52,2%	511.090	53,2%	475.463	47,0%	476.009	42,1%
Annar rekstrarkostnaður:	265.514	39,1%	343.709	42,2%	417.673	43,5%	404.906	40,1%	484.436	42,9%
<b>Rekstrarkostnaður samtals:</b>	630.955	92,9%	768.867	94,3%	928.763	96,7%	880.369	87,1%	960.445	85,0%
<b>Framlegð</b>	47.956	7,1%	46.242	5,7%	31.996	3,3%	130.533	12,9%	169.796	15,0%

\*Útg.spá - \*\*áæt. næsta árs



Tekjur Skaftárhrepps frá árinu 2020 eru áætlaðar um 66% hærri á árinu 2024 miðað við áætlun. Rekstur hefur á sama tímabili hækkað um 52%.

## V. Þriggja ára áætlun:

Í þriggja ára áætlun sveitarfélagsins 2025-2027 kemur fram að reksturinn er í góðu jafnvægi.

Helstu atriði þriggja ára áætlunar eru:

- Skuldir munu aukast lítilsháttar
- Framkvæmdir sveitarfélagsins eru áætlaðar um 600 m.kr. á tímabilinu.
- Stærstu einstaka framkvæmdirnar eru bygging leikskóla á árinu 2025 og skólators á árinu 2026.

### Helstu framkvæmdir á árin 2025, 2026 og 2027

Eignarsjóður			
Nafn deildar:	Áætlun 2025:	Áætlun 2026:	Áætlun 2027:
Kirkjubæjarskóli	8.000.000	113.000.000	17.500.000
Leikskólinn Kæribær	201.000.000	5.500.000	3.000.000
Íþróttahús	1.500.000	11.500.000	1.200.000
Sundlaug	2.000.000	4.250.000	1.200.000
Sparkvöllur	500.000	500.000	7.500.000
Klausturvegur 15	0	0	0
Herjólfstaðir	250.000	2.500.000	3.000.000
Múlakotsskóli	2.500.000	2.500.000	1.000.000
Kirkjuhvoll	4.000.000	800.000	4.500.000
Dvalarheimili	1.250.000	7.500.000	4.000.000
Bókasafn	250.000	1.000.000	750.000
Gámasvæði	0	500.000	350.000
Slökkvistöð	500.000	1.800.000	1.000.000
Geymslustöð	1.000.000	750.000	750.000
Gatnakerfi	6.000.000	16.000.000	30.000.000

Íbúðir aldraðra:			
Nafn deildar:	Áætlun 2025:	Áætlun 2026:	Áætlun 2027:
Klausturhólavegur 1 og 3	1.500.000	5.800.000	4.250.000

Leiguíbúðir:			
Nafn deildar:	Áætlun 2025:	Áætlun 2026:	Áætlun 2027:
Rekstur leiguhúsnæðis	4.500.000	9.100.000	11.000.000

Félagslegar íbúðir			
Nafn deildar:	Áætlun 2025:	Áætlun 2026:	Áætlun 2027:
Félagslegar íbúðir	1.800.000	6.000.000	9.000.000

Fráveita			
Nafn deildar:	Áætlun 2025:	Áætlun 2026:	Áætlun 2027:
Rekstur fráveitu	8.450.000	11.000.000	55.000.000

## VI. Lokaorð:

Fjárhagsáætlun 2024 ber þess merki að nýjar áherslur eru lagðar til við rekstur sveitarfélagsins. Mörg viðfangsefni bíða sveitarfélagsins í nánustu framtíð og því er mikilvægt að halda vel utan um það sem við höfum, og huga vel að þeim fjárfestingum og þeirri innviðaupbyggingu, sem nauðsynleg er, og fylgir fjölgun íbúa og aukinni atvinnustarfsemi á svæðinu. Við þær aðstæður er óhjákvæmilegt að auka skuldir sveitarfélagsins tímabundið, en það skilar sér fljótt til baka með auknum tekjum, bæði með útsvari, og auknum tekjum af atvinnustarfsemi.

Á næstu árum mun sveitarfélagið ráðist í miklar fjárfestingar á íþróttamannvirkjum, leikskóla, grunnskóla, fráveitu, gatnagerð, lagfæring á útivistarsvæðum, svo eitthvað sé nefnt, sem og mörg önnur viðhaldsverkefni í sveitarfélaginu s.s. við Klausturhóla, endurnýjun á Skerjavöllum 5 ofl.þ.h.

Fjárfestingar og rekstur sveitarfélagsins á næstu árum, mun bera þess merki að það eru uppi gjörólíkar áhersla í rekstri sveitarfélagsins en á undanförunum árum. Það sést best á því að sveitarfélagið mun ráðstafa mun meira fjármagni til fjárfestinga en áður og nú er lögð meiri áhersla á viðhald fasteigna sveitarfélagsins sem og mörg brýn umhverfisverkefni s.s. uppbygging skólalóðar. Stærsta einstaka fjárfesting næstu ára hjá sveitarfélaginu, er færsla leikskólans og uppbygging gatna og íbúðahúsnæðis. Sveitarfélagið mun leggja ríka áherslu á að tryggja land undir íbúðabyggingu í og við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri.

Við mat á rekstri sveitarfélaga er ekki nægjanlegt að horfa til reksturs og skulda sveitarfélags heldur þarf jafnframt að horfa til þarfa á innviðafjárfestingu í viðkomandi sveitarfélagi og hvaða lagakröfur eru uppi sem leggja kröfur á sveitarfélög að leggja út í frekari fjárfestingar. Þegar horft er til þessa þátta er staða Skaftárhrepps sterk. Innviðir sveitarfélagsins eru sterkir. Helstu innviðir eru fyrir hendi sem sveitarfélag þarf í sinni grunnstarfsemi, og því mögulegt að fjölga íbúum umtalsvert án þess að þurfa að leggja í miklar fjárfestingar til þess að mæta þeirri fjölgun.

Sveitarfélagið mun vinna að því ötullega næstu misserin, að leita leiða við að efla atvinnulífið á svæðinu með sköpun nýrra starfa. Markmiðið er að efla samkeppnishæfni svæðisins og jafnframt vinna að markaðssetningu svæðisins sem kost til búsetu. Nýta þarf þá vinnu sem unnin hefur verið, og þá athygli sem sveitarfélagið vekur til þess að efla atvinnulíf, enn frekar, bæði í tengdri starfsemi sem nú þegar er rekin í sveitarfélaginu og í annari óskyldri starfsemi til þess að auka fjölbreytni starfa.

Stefnt er að því að sveitarfélagið skili rekstrarafgangi árið 2024 eða u.þ.b. 86. mkr., en það er nauðsynlegt svo að reksturinn sé alveg sjálfbær. Ljóst er að sumar forsendur fjárhagsáætlunar 2024 eru óljósar en þá skiptir líka máli að geta brugðist við til þess að mæta óvissuþáttum í okkar umhverfi.

Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar var, eins og áður, mjög treyst á vinnu forstöðumanna og annara stjórnenda Skaftárhrepps. Ég vil þakka fyrir vinnu þeirra við þessa fjárhagsáætlun. Þeir sýna almennt ábyrgð varðandi sínar áætlanir og óskir um viðbót eða nýmæli. Þá vil ég þakka sveitarstjórn góða samvinnu og ítreka mikilvægi þess að kjörnir fulltrúar nái saman um stóru myndina, um framtíðarsýn sveitarfélagsins, og hvernig við viljum byggja upp áhugavert samfélag, bæði fyrir íbúana og atvinnulífið.

Það eru bjartir tímar framundan, í Skaftárhreppi.

Einar Kristján Jónsson,  
sveitarstjóri